



Fornleifaskráning

vegna deiliskipulags

í landi Eystra Íragerðis



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir
og Guðný Zoëga

Júlí 2005

2005/6

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Tilgangur fornleifaskráningar	3
Fornleifaskráning og aðferðir	4
Aðferð við skráningu	4
Saga jarðanna og fornleifar	7
Fornleifaskrá	8
Fornleifar í landi Nýjabæjar	13
Fjöldi minja á deiliskipulagssvæðinu	13
Niðurlag	13
Heimildaskrá	14

Inngangur

Fornleifaskráning á deiliskipulagsreit í land Eystra Íragerðis var unnin þann 11. júlí 2005 að ósk framkvæmda og veitusviðs Árborgar. Fornleifaskráninguna annaðist Margrét Hallmundsóttir fyrir hönd Byggðasafns Árnesinga, undir stjórn Guðnýjar Zoëga fornleifafræðings.

Flatarmál deiliskipulagsreits er 2153 fermetrar og stendur íbúðarhúsið Hásteinsvegur 28 innan reitsins norð austan megin við fyrihugað íbúðarhús. Lóð fyrirhugaðs hús er 819 fermetrar að stærð. Heimildarmenn voru íbúar Hásteinsvegar 20 (gamla Íragerði) Sigurður Garðarsson eigandi húsins og móðir hans Margrét Guðmundsdóttir.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningar-sögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða

skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;

- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.“ Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausum. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

En það er ekki síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Fornleifaskráning og aðferðir

Áður en vettvangskonun fór fram voru helstu heimildir kannaðar svo sem jarðabækur, örnefnaskrá, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornleifar á svæðinu. Þessar upplýsingar eru allar skráðar í gagnagrunninn Sarp, sem að hluta er sérstaklega hannaður fyrir fornleifaskráningu.

Í fornleifaskrá Sarps eru fornleifarnar flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847

Með jörðinni fylgir skrá með umfjöllun um hvern minjastað og ljósmyndir eða teikningar eftir því sem við á. Minjar eru færðar inn á skipulagskort frá Verkfræðistofu Suðurlands. Kort og loftmyndir eru birtar hér með góðfúslegu leyfi VS og Árborgar.

Aðferð við skráningu

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðanna, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Að öðru leyti er skráin byggð upp með þeim hætti sem að neðan greinir.

Jarðanúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með heiti jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað, t.d. Eystra Íragerði -182326 , og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt Jarðatali Johnsens, 165 í nefndu tilviki. Þar að auki er fornleifunum gefið raðnúmer innan hvernar jarðar; bæjarstæði Eystra Íragerðis væri nr. 1 og þar af leiðandi auðkennt með eftirfarandi hætti: Eystra Íragerði 182326-165-1. Sé jörð með landsnúmer en ekki númer í Jarðatali Johnsens flokkast allar fornleifar á jörðinni undir landsnúmer jarðarinnar og númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyrðu við ritun jarðatalsins.

Tegund, hlutverk og heiti

Í fáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild” sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Halldórsvarða, er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. fjós eða hlaða.

Lega

Nákvæm staðsetning er skráð. Tekin voru GPS hnit á vettvangi og þau færð í skrána. Staðsetning minjanna er einnig færð inn á meðfylgjandi kort frá Verkfræðistofu Suðurlands. Hnitin sem gefin eru upp eru í landskerfinu ISN93.

Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vitnað í heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofta eða

vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist við vettvangsskráninguna. Við skipulag framkvæmda er engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda, því að fornleifar geta, sem fyrr segir, leynst undir sverðinum.

Heimildir

Vísað er í helstu ritheimildir um sérhverja hinna skráðu fornleifa. Hér eru einnig skráðar þær heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og lýsingu, en ekki neðanmáls eins og þó er gert í öðrum texta þessarar skýrslu. Ræðst það af því að fornleifaskráningin á helst að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.

Heimildamenn

Heimildamenn við skráninguna fyrir Eystra Íragerði eru Sigurður Garðarsson eigandi hússins Eystra Íragerðis og Margrét Guðmundsdóttir móðir hans og fyrri eigandi hússins.

Saga jarðarinnar og fornleifar

Í kaflanum um sögu jarðarinnar og fornleifar er stiklað á stóru um sögu jarðarinnar þar er auk þess að finna hina eiginlegu fornleifaskrá.

Saga jarðarinnar og fornleifar

Eystra Íragerði - 182326- 165

Saga Stokkseyri er landnámsjörð og er hennar fyrst getið í Landnámu. Samkvæmt Landnámu kom Hásteinn Atlason á land í Hásteinssundi austan Stokkseyrar og nam Stokkseyrarhrepp.¹ Bókum kemur þó ekki saman um það hvar Hásteinn bjó en Sturlubók segir hann hafa búið á Stjörnusteinum en Hauksbók segir hann hafa búið á Stokkseyri og að Ölvir sonur hans hafi búið á Stjörnusteinum.² Í bókinni *Íslenzkir sögustaðir* eftir Kálund er Hásteinn nefndur Hallsteinn og sundið Hallsteinssund. Landið sem hann nam var milli Rauðár og Ölfusár allt til Fúlalækjar.³ Nafnið Stokkseyri er sennilega komið af því að þar komu setstokkar Hásteins í land.⁴ Sagt er að þeir hafi komið í Stálfjöru og enn í dag er stór klettur áfastur landi undan Vestara Íragerði sem í enn í dag heitir Stál. Landnám Stokkseyrar hefur líklega átt sér stað árunum 900-910.⁵

Stokkseyri hefur oft komið fyrir í heimildum t.d. í Sturlungu en samkvæmt henni bjuggu á Stokkseyri Björn Þorvaldsson og Hallveig Ormsdóttir.⁶ Sennilega kemur svo Stokkseyri næst fyrir í máldaga Gaulverjabæjarkirkju en menn geta sér þess til að máldaginn sé frá um 1220. Þá bjó þar Eyjólfur Ásgrímsson.⁷ Næst birtist Stokkseyri reglulega í fornbréfunum. Þann 27. september 1465 samþykkti Jón Sæmundsson kaup móður sinnar á Stokkseyri. Kaupin virðist hafa dregið dilk á eftir sér því ári síðar kannaðist Sigríður ekki við þá fullyrðingu sonar síns að hún hafi eftirlátið honum hluta jarðarinnar.⁸ Í júní árið 1471 keypti Jón Ólafsson hálfa Stokkseyrarjörðina og alla Ásgautsstaði af Árna Sæmundssyni fyrir Belgsstaði og tuttugu hundruð í Drambholtsstöðum í Biskupstungum.⁹ Árið 1545 „Geck domur j mille Sæmundar Eiríkssonar og Gunnars a stokkseyri vm það fiorufar eins mannz sem kirkjan j asi aa j

¹ *Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981, bls. 196.

² *Íslensk fornrit. I bindi. Íslendingabók og Landnáma*. 1968, bls. 173 og 371.

³ Kálund. 1984, bls. 127.

⁴ Guðni Jónsson. 1960, bls. 56.

⁵ Guðni Jónsson. 1952, bls. 126.

⁶ *Sturlunga saga*. I. bindi. 1946, bls. 271.

⁷ *Diplomatarium Islandicum*. I. 1857-1876, bls. 403.

⁸ *Diplomatarium Islandicum*. IV. 1897, bls. 463.

⁹ *Diplomatarium Islandicum*. V. 1899-1902, bls. 618-619.

Stokkseyrarfioru og Gunnar hefur hindrat að Sæmundur hefur ecki feingid, dæmdizt Schallholzkirkju .xv. merkur.“¹⁰ Jörðin kemur aftur fyrir í heimildum 13 árum síðar en þá keypti Sigurður Bjarnason Stokkseyri af Ragnheiði Björnsdóttur.¹¹

Jasonarson Vest og Þórdís Markúsdóttir kona hans ásamt 5 börnum þeirra, vinnumanni, smala, þremur vinnukonum og tveimur niðursetningum. Á hinum helmingnum bjuggu Eyvindur Guðmundsson og Iðunn Jónsdóttir ásamt fjórum börnum sínum, föður Eyvindar, tveimur vinnukonum og niðursetningi.¹² Í samanburði Stokkseyri virðist alltaf hafa verið stórbýli og var jörðin í bændaeign frá siðaskiptum og fram undir lok 18. aldar. Það var fyrir árið 1700 að Stokkseyri varð tvíbýlisjörð og var því þannig háttað meðan búið var á jörðinni að fornum hætti.¹³ Í Rekaskrá Skálholtskirkju frá 1270 segir: „Kirkian i skalholtti ä. x^c j rekanum er liggur [hér standa tveir krossar í handritunu og eyða á milli] og þann sem liggur fyrir Stokseyre. a Eyrarbakka i millum Dyra löns. og Stjörnusteins og sionhending fram j olldurife. að vundannteknum so störum hual. sem aller heimamenn af einfolldu bue a Stokseyre med einum eyk giæte af stad hrætt. og allann vid tueggia alna langann millum snida. og þadan af stærra.“¹⁴ „Í rekaskrá Skálholtsstaðar frá því um 1270 er talað um heimamenn á einföldu búi á Stokkseyri, og eru þau ummæli endurtekin í dómi um rekaréttinn frá 1439, sem áður er getið. Virðast þau gefa til kynna að um fleiri en eitt bú að Stokkseyri hafi verið að ræða. Einbýli hefir þó með vissu verið þar í fornöld og eins á dögum nokkurra stóreigamanna, sem áttu alla jörðina, ...“¹⁵ Á 14. og 15. öld koma hjáleigur til sögunnar í byggðasögu jarðarinnar.

Hjáleigur Stokkseyrar hafa ávallt verið fjöldamargar en í *Jarðatali* Johnsens voru þær: Kaðlastaðir, Grímsfjós, Ranakot, Hóll, Móhús vestari, Móhús eystri, Dvergasteinar, Starkaðarhús, Roðgúll, Símonarhús, Gata, Gerði (Gerðar), Vestara Íragerði, Eystra Íragerði, Hellukot, Kumbaravogur, Rauðarhóll vestari, Rauðarhóll eystri, Stokkseyrarsel vestara og Stokkseyrarsel eystra.¹⁶ Árið 1708 höfðu bæst við hjáleigurnar Töpp, Beinateigur, Hvíld og Hviða. Roðgúll gekk þá líka undir nafninu Vatnsdalur, Íragerði var skráð sem Ýragerði, Móhúsinn voru skráð sem litlu og stóru

¹⁰ *Diplomatarium Islandicum*. XI. 1915-1925, bls. 419.

¹¹ *Diplomatarium Islandicum*. XIII. 1933-1939, bls. 344.

¹² *Mannatal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947, 513.

¹³ Guðni Jónsson. 1952, bls. 2-3.

¹⁴ *Diplomatarium Islandicum*. II. 1893, bls. 75.

¹⁵ Guðni Jónsson. 1952, bls. 126.

¹⁶ Johnsen, J. 1847, bls. 60.

Móhús en ekki vestari og eystri. Sömuleiðis var Rauðárhóll ekki skráður vestari og eystri heldur Rauðárhóll og Litli Rauðárhóll.¹⁷

Eystra Íragerði var ein af hjáleigum Stokkseyrar og kemur fyrst fram í heimilduum í bændatali frá 1681, en þar koma fram nöfnin Eystra og Vestara Íragerði.¹⁸ Næst kemur Eystra Íragerði fram í manntalinu 1703.¹⁹

Árið 1708 voru Árni Magnússon og Páll Vídalín á ferð um Stokkseyri og greina frá ábúandanum í Eystra Íragerði þeir segja einnig frá húskonu einni sem greiðir Stokkseyrabóndanum fyrir að fá að vera í Eystra Íragerði í eitt ár og fær sumarhaga fyrir fé sitt en verður að lóga því um haustið ef hún fær ekki fóður annarstaðar.²⁰

Í manntalinu frá 1801 eru búsett í Eystra Íragerði hjón ásamt börnum og vinnufólki alls um átta manns.²¹ Í *Manntali 1845* er sama fjöskyldan búandi í Eystra Íragerði.²² Guðni Jónsson getur þess í bók sinni *Bólstaðir og búendur*, að sama fjölskyldan hafi búið í Eystra Íragerði frá 1746 til 1896 eða í hundrað og fimmtíu ár, og er hún nefnd Íragerðisættin.²³ Í jarðatali Johnsen frá 1840 er sagt frá að landskuld sé 0,30 og að kúgildi sé eitt, ábúandi er leiguliði.²⁴

Í úttektarbók Stokkseyrarhrepps er greint frá því þann 2. júní árið 1896 að hreppstjóri í Stokkseyrarhreppi ásamt úttektarmanni eru fengnir til þess að taka út jörðina þegar ekkjan Þorgerður Gísladóttir hættir búskap en Jón Gíslason tekur við jörðinni.

Þar kemur fram að norðurendi baðstofu sé 4 álnir á lengd og 5 álnir á breidd öllu undir súð með 3-rúðu glugga og 6-rúðuglugga á vesturhlið og hlið þil og að baðstofan er ekki í því standi sem hún á að vera.

Eldhús er á lengd 6 1/2 alin, 4 álnir á breidd, með fjórum sperrum og 3 langböndum á hvorri hlið með rafti og tveimur strompum. Húsið er ólýst og lágt.

Jafnframt kemur fram í úttektinni að skemma var í Eystra Íragerði, fjós, tvístætt fjárhús í túni, hesthús á hlaði.²⁵

¹⁷ Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921, bls. 59-68.

¹⁸ Guðni Jónsson. 1952, bls. 282.

¹⁹ *Manntal 1703*.1924-1947, bls. 514.

²⁰ Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921, bls. 65.

²¹ *Manntal 1801*.1978, bls.216.

²² *Manntal 1845*.1982, bls. 221.

²³ Guðni Jónsson. 1952, bls. 216.

²⁴ Johnsen J.1847, bls.60.

²⁵ Úttektarbók Stokkseyrarhrepps 1878-1902, bls.165-167.

Þessi úttekt er gerð aðeins nokkrum vikum áður en að hinir miklu Suðurlandskjálftar dundu yfir árið 1896.

Eftir skjálftana voru öll hús tekin út og tjón metið, þar kemur fram að fyrir skjálftana hafi verið fjögur bæjarhús á Eystra Íragerði og 4 útihús.

Eftir skjálftana voru 2 bæjarhúsin mjög skemmd og hin tvö lítið skemmd, eitt útihús var mikið skemmt en hin lítið.²⁶

Fyrverandi eigandi Íragerðis Margrét Guðmundsdóttir hefur eftir gamalli konu, Margréti Eyjólfsdóttur (1913-1994), sem hefur eftir ömmu sinni, Margréti Gísladóttur (1858-1940) og bjó í Íragerði að bærinn hafi staðið þar sem útihús stóðu allt til 1990.

Nýtt hús var byggt um um aldamótinn 1900 og er líklegt að það hafi verið byggt eftir skjálftana en fyrstu heimildir um byggingu þess hús eru úr afsals- og veðmálabók Árnassýslu frá 1910 en þar lýsir bóndinn á Stokkseyri því yfir að hann leigi Gísla Gíslasyni lóð undir og umhverfis hús hans. Líklegt má því telja eftir orðalagi að húsið sé þá þegar risið.²⁷ Þetta hús stendur enn.



E.t.v Síðustu hús gamla bæjarins, við hlið nýja húsins.

Margrét Eyjólfsdóttir greindi núverandi eiganda, Eystra Íragerðis eftir frásögn ömmu sinnar Margrétar Gísladóttur frá því að hlóðaeldhúsið úr gamlabænum hafi verið notað til 1930.

Líklegt verður að því að telja að gamli bærinn hafi staðið þar sem útihúsin fyrrnefndu stóðu langt fram á tuttugustu öld.

Fjárhús stóðu einnig langt fram á tuttugustu öld suð-austur af bæjarhúsunum við sjóvarnargarðinn.

Gamalt hesthús sem stendur enn við sjóvarnargarðinn og það var áður nokkuð hringlaga og grjóthleðslan er há og því nokkuð öruggt að um hesthús er að ræða.

Árið 1976 var íbúðarhúsið í Eystra Íragerði flutt til á lóðinni og fært nær sjóvarnargarðinum. Húsið stendur á háum hól sem er að öllum líkindum gamli bæjarhóll Eystra Íragerðis.

²⁶ Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1906, bls. 185.


²⁷ Endurrit úr afsals og veðmálabók Árnassýslu 1910, bls.165

Núverandi eigendur greindu frá því að þegar grafið var fyrir grunni og skolplögn að húsinu hafi komið upp mikið af dýrabeinum og sást í mikið af grjóti, en allt grjót á svæðinu er aðflutt. Var skolplögnin lögð ofan á stétt sem ekki var fjarlægð.

Á nokkurra áratuga gömlu skipulagskorti sést vel hvar útihús voru staðsett og öll garðlög sem voru á svæðinu. Á því korti virðist sýnist veral jarðeplagarður sem talað er um í úttektinni frá júní 1896.²⁸

Garðlag sem sést á því korti er líklega túngarður er sjáanlegur í trjábeði í dag.

Nafnið Íragerði gæti vel verið mjög fornt örnefni og veltir Guðni Jónsson þessu fyrir sér í bók sinni *Bólstaðir og búendur í Stokkseyrarhreppi* en hann segir: „Nafn þetta er vafalaust



dregið af Írum og beinir því huganum allt aftur á landnámsöld. Það er alkunnugt, að landnámsmenn höfðu með sér út hingað margt írskra manna, er þeir höfðu tekið herfangi fyrir vestan haf og héldu síðan sem þræla. Geta má þess til, að Írar þeir, sem Íragerði er við kennt, hafi verið þrælar Hásteins Atlasonar á Stokkseyri eða sona hans og þeir hafi verið látnir hlaða gerðið til skjóls og varnar korngörðum. Má í þessu sambandi minna á hjáleiguna Gerðar þarna í hverfinu. Íragerði hefur því verið gamalt örnefni, sem hefir verið látið haldast, er býli var reist þarna á hjáleigutímabilinu. Þess skal getið, að örnefnið *Íragarður* var einnig til á mjög fornlegu garðlagi, sem enn sést móta fyrir í Stokkseyrarhverfi. Ef til vill hafa sömu Írarnir, sem gerðið hlóðu, verið þar að verki.“²⁹

²⁸Úttektarbók Stokkseyrarhrepps. 1878-1902, bls.165-167.

²⁹Guðni Jónsson. 1952, bls. 282.

Brynjúlfur Jónsson fornfræðingur gerði rannsókn í Árneshöfði sumarið 1904 og lýsir hann garðlagi sem hann sá við Íragerði. „Framundan sjávarbakkanum hjá Íragerði er nú að koma í ljós garðsundirstaða sem liggur svo lágt, að sjórinn tekur hana burt svo að segja jafnóðum. Þetta er að líkindum suðurhliðin af girðingu þeirri, sem upphaflega hefir heitið Íragerði. Fyrir norðurhlið hennar sést fyrir norðan veginn og fyrir nokkuru af austur og vesturhliðunum; en þar er nær dregur bakkanum, sér ekki til þeirra. Því þar hefir sandur borist upp og sléttað yfir. Tilefni nafnsins „Íragerði“ vita menn ekki.“³⁰

³⁰ Brynjúlfur Jónsson. 1906, bls 9

Náttúrufar og jarðabætur

Árið 1686 var jarðardýrleiki Stokkseyrar 60 hdr.³¹, árið 1708 var „[j]arðardýrleiki „1x 6 og so tíundast fjórum tíundum“³² og árið 1847 var dýrleikinn 50, landskuldin 5 og kúgildin 18.³³ Kvaðir voru á öðrum helmingi Stokkseyrarjarðarinnar árið 1708 og voru skipsáróður um vertíð heima á Stokkseyri og dagsláttur á Seli.³⁴

Reiknast dýrleiki hjáleignanna, þar á meðal Eystra Íragerðis, með heimajörðinni.³⁵

Þegar jörðin Eystra Íragerði er tekin út árið 1896 er túngarður í kringum heimatún 125 faðmar, heygarður 17 faðmar og jarðeplagarður 46 faðmar.³⁶ Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 er stærð túnsins 0,7 hektarar og er allt túnið slétt. Stærð matjurtagarðs er 747 fermetrar.³⁷

Árið 1910 gerði bóndinn á Stokkseyri samkomulag við Gísla Gíslason um leigu á lóð undir hús hans, og er lóðin 140 ferálnir og má lóðin ganga kaupum og sölum með húsinu. Hefur Gísli, eins og aðrir þurrabúðarmenn á Stokkseyri, rétt til sölfra, þangs, beitu og mótaks.³⁸

Í *fasteignabók* frá árinu 1932 er túnastærð Eystra Íragerðis 1 hektari, matjurtargarður gefur af sér tíu tunnur en ekki er vitað um stærð hans.³⁹

³¹ Björn Lárusson. 1967, bls. 103.

³² Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921, bls. 59.

³³ Johnsen, J. 1847, bls. 60.

³⁴ Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921, bls. 60.

³⁵ Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921, bls. 64.

³⁶ Úttektarbók Stokkseyrarhrepps 1878-1908, bls. 165-167.

³⁷ Túnakort[1917].

³⁸ Afsals og veðmálalabók Árnassýslu [óútf.] bls. 162

³⁹ *Fasteignabók* 1932. bls. 11.

Eystra Íragerði - fornleifaskrá

Eystra Íragerði 182326 165 - 1

Sérheiti Eystra Íragerði

Hlutverk: Bæjarhóll, bústaður

Tegund: Bústaður

Staðsetning:

Staðhættir

Bæjarhóll Eystra Íragerðis er þar sem húsið Hásteinsvegur 20 stendur, og virðist húsið standa á háhólnum.

Bæjarhóllinn er fast við gamla sjóvarnargarðinn um 30 m suður af Hásteinsvegi.

Samkvæmt gamalli ljósmynd sem tekin var fyrir 1950 og frásögn Margrétar Eyjólfsdóttur stóð gamli bærinn þar sem útihús stóðu langt fram á tuttugustu öld.

Lýsing

Bæjarhóllinn er um 55 metrar frá austri til vesturs og 23 metrar frá suðri til norðurs.

Hann nær um 18 metra inn á deiliskipulagsreitinn en hefur verið grafinn í burt að hluta. Ekki sér fyrir mælanlegum tóftum á bæjarhólnum en greinilegt er að mjög grunnt er á mannvistarleifar og finnst vel fyrir grjóti rétt undir grassverði. Sér móta fyrir þremur dældum og að minnsta kosti ein þeirra er í horni deiliskipulagsreits.

Það má telja nær öruggt að eitthvað að bæjarhúsunum hefur legið inná deiliskipulagsreit að minnsta kosti þau hús sem stóðu lengst uppi úr bæjarþyrpingunni.

Þau voru teiknuð inná kort frá 1992, þrátt fyrir að hafa fokið af grunni sínum í febrúar 1990. Enn mótar fyrir grunni þeirra.

Mikið af mannvistarleifum er inni á lóð Hásteinsvegar 20 en það er utan deiliskipulagreitar.



Heimildaskrá

Túnakort [1917]. Eystra Íragerði. Stokkseyrarhreppur Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

Kort af Hásteinsvegi 20-22-24-26. [1992] Verkfræðistofan Hnit H.F

Eystra Íragerði 165571 -151- 130

Hlutverk: Varnargarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning A 398999
N371474

Ástand: Ómetið

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

„Um þær mundir sem
Stokkseyrarkirkja var
endurbyggð og söfnuðurinn tók
við henni 1886, lofuðu



sóknarmenn að byggja öflugan sjógarð til varnar kirkjunni, ...

Það var ekki fyrr en haustið 1890, að hafin var bygging fyrsta sjógarðsins, sem því nafni má nefna, á Stokkseyri fyrir forgöngu Gríms Gíslasonar í Óseyrarnesi, sem var þá aðaleigandi jarðarinnar. [...] Var lagður grundvöllurinn meir en 100 faðma á lengd og niður grafinn um 2 og 3 álnir. Garðurinn var á breidd ofan jarðar 6 álnir, og á hæð á hann að vera 5 álnir; enn er eigi meir komið á hæðina en 4 álnir, en víða yfir mannhæð eystri hlutinn, sem er á austurenda garðsins á móts við fjöllumörk, skammt fyrir austan kirkjugarð; en lítið hlið er á honum móts við kirkju og annað stórt, sem búið er að mynda vestur við bæinn á Stokkseyri fyrir skipa uppsetning, þá stórflóða er von. Þar er garðurinn grafinn fulla mannhæð niður í jörð, alls staðar 2 álnir á breidd sjávarmegin, og gengur hann jafnt upp beggja vegna með þeim fláa, að hann verður eigi meir en 2 álna þykkur að ofan, í 5 álna hæð ofan jarðar, og er garðurinn snillilega vel hlaðinn og klípur klemmdar í holur, svo að vel mætti kalka hann og sementa. ... allt grjót er flutt ofan úr heiði langan veg. [...] Þessi sjógarður á Stokkseyri er eitt það mesta mannvirki, sem byggt hefir verið af sjálfum Íslendingum hér á landi, og einkum ef garðurinn kæmist upp, eins og þörfin útkerfur og menn hafa um talað, að koma

honum á endilangan bakka fyrir allt Stokkseyrarhverfið, sem er eigi minna en 1000 faðmar að vegalengd. [...] Ólafur kaupmaður Árnason keypti Dvergasteina 1898 og lét byggja sjógarð fyrir landi þeirra nálægt aldamótum. Þannig smábyggðist garðurinn austur eftir, og fyrir eða um 1920 náði hann austur á móts við Hellukot. Nú í dag nær hann austur á móts við Rauðarhóla. Vestan við Stokkseyrarbæ var garðurinn og smálengdur vestur á móts við Kalastaði. [...] Í þriðja lagi var unnið að sjógarðinum fyrir vestanverðu Stokkseyrarlandi, þ.e. frá Kalastöðum og út að Hraunsá. Það verk var unnið á vegum hlutafélagsins „Njarðar“, sem síðar verður getið. Garður sá var lagður á árunum 1907-1910. Hann var talinn 900 faðmar á lengd, 8-10 fet á breidd að neðan og 4 fet að ofan, en hæðin 4-6 fet. [...] Viða hefir hlaðizt svo mikill sandur að þeim sjávarmegin, að nærri jafnhátt garðinum sjálfum, og er honum þá lítil hætta búin.“⁴⁰

Þessi gamli sjóvarnargarður á Stokkseyri stendur enn að hluta en hefur misst hlutverk sitt eftir að nýi sjóvarnargarðurinn var gerður eftir óveður sem gekk yfir árið 1990. Leifar sjóvarnargarðsins gamla eru vel standandi við kirkjuna og myndar kirkjugarðsvegg í suðri. Veggurinn liggur allt austur fyrir Eystra-Íragerði. Frá kirkjugarðsveggnum í vesturátt er veggurinn ekki nema um 1,5 m að lengd og 1 m á hæð. Upphaflega lá veggur þessi frá kirkjugarðinum í vestri og áfram þar sem nú er suðurveggur Hólmarastar og þaðan vestur að Hraunsá.

Lýsing

Garðurinn þar sem hann liggur inná deiliskipulagssvæðinu er 65 metrar. Garðurinn liggur frá austri í vestur meðfram fjörunni og byggðinni og er nokkuð hrunin á smá kafla, en hrunið úr honum er fyrir neðan. Garðurinn er 1 metra á breidd efst. Hliðin sem snýr í suður inná lóðina er 1,60 m á hæð. Hæð garðsins sem snýr að sjónum er 3,90 m á hæð og er ekki á mörgum stöðum þar sem garðurinn stendur í fullri hæð og sért vel hversu mikið mannvirki þessi garður hefur verið. Mikilvægt hlýtur að teljast að vernda garðinn í þeirri mynd sem hann er á deiliskipulagssvæðinu og gera við þá skemmd sem er á garðinum.

Við austurenda garðsins er hlið á garðinum um 3 m á breidd þar sem hægt er að komast niður í fjöru. Ekki fundust heimildir um hvort þetta hlið hafi verið gert eftir að garðurinn var byggður eða hvort það hafi verið frá upphafi og þá e.t.v. til þess að

⁴⁰ Guðni Jónsson 1960.bl.28-30

koma bátum upp úr fjörunni. Við hliðina á hliðinu er önnur hleðsla sem stendur þétt upp við sjóvarnargarðinn. Hún er um 17 m á lengd og 30-40 cm á breidd. Ekki verður séð hvort þetta sé styrking á garðinum eða hleðsla úr fjárhúsum sem stóðu þétt við garðinn á þessum stað.

Heimildaskrá

Guðni Jónsson. 1960. *Stokkseyringa saga. Fyrri bindi*. Stokkseyringafélagið, Reykjavík.

Eystra Íragerði 182326 165 - 2

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning A 398946 N 371499

Ástand: Ómetið

Hættumat: Mikil hættu

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir Um 12 metra suður af Hásteinsvegi 24 er tóft og um 15 m suður af sjóvarnargarði.

Lýsing

Tóftinn er um 4 metrar á lengd og 2 meter á breidd með op í norður, Hæð veggja er um 40 cm.

Eystra Íragerði 182326 165 - 3

Hlutverk: Garðlag

Tegund: Túngarður ?

Staðsetning A 398937 N 371510

Ástand: Ómetið

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð



Staðhættir

Á lóðamörkum við Hásteinsveg 24 og 28 er garðlag.

Garðurinn sérst vel á korti frá 1972 og hefur hugsanlega verið túngarður í kring um Eystra Íragerð en í Dóma og Þingbók Árnessyslu er getið um 125 faðma túngarð í kring um heimatún.

Lýsing

Garðurinn er sokkin en sést í steina úr garðinum í trjábeði Hásteinvegar 24 .

Steinarnir mynda beina línu og sjást á um fimm metra kafla á lóðamörkunum.

Niðurlag

Örnefnið Íragerði er að líkindum mjög fornt og margt bendir til þess að á svæðinu hafi verið mjög fornir garðar áður fyrr.

Elstu heimildir um byggð innan deiliskipulagsreits eru frá lokum 17. aldar.

Ljóst að bæjarhóll Íragerðis stendur enn og nær að hluta inn á deiliskipulagsreitinn en hefur verið fjarlægður að stórum hluta þar.

Mannvistarleifar eru í suðvestur hluta deiliskipulagsreitsins og útihús stóðu áður í austur hluta hans en eru nú horfinn.

Sjóvarnargarðurinn sem hlaðinn var árið 1890 stendur mjög nærri fyrirhuguðum grunni og er í verulegri hættu vegna framkvæmda.

Minjum á svæðinu stendur því nokkur ógn af fyrirhuguðum framkvæmdum við byggingu innan deiliskipulagsreits.

Vegna þess að deiliskipulagsreiturinn er lítill, um 819 fermetrar þar sem bygging er áformuð, leggja skýrsluhöfundar til að starfsmaður Fornleifaverndar verði fengin á svæðið til að meta aðstæður.

Hins vegar ber að gæta að því að minjar geta einnig leynst undir yfirborðinu þótt þeirra sjái ekki stað ofanjarðar. Það er því mikilvægt að fara að öllu með gát þegar ráðist er í framkvæmdir sem kunna að raska fornleifum. Slíkar framkvæmdir ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins sem veitir ráðgjöf og sér, ef þurfa þykir, um eftirlit með framkvæmdunum. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar.

Heimildaskrá

Afsals og veðmálabók Árnessyslu 1910.[óútg] Héraðsskjalasafn Árnesinga.

Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843. 1979. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Sögufélag, Reykjavík.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi.* Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Björn Lárusson. 1967. *The old Icelandic land registers.* W.F. Salisbury þýddi. C. W. K. Gleerup, Lundi.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. I. 1857-1876. Hið íslenzka bókmenntafjelag, Kaupmannahöfn.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. II. 1893. Hið íslenzka bókmenntafjelag, Kaupmannahöfn.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. IV. 1897. Hið íslenzka bókmenntafjelag, Kaupmannahöfn.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. V. 1899-1902. Hið íslenzka bókmenntafjelag, Kaupmannahöfn og Reykjavík.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. XI. 1915-1925. Hið íslenzka bókmenntafjelag, Reykjavík.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. XIII. 1933-1939. Hið íslenzka bókmenntafjelag, Reykjavík.

[Höfund vantar]. *Fasteignabók.* 1932. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, Reykjavík.

Guðni Jónsson. 1952. *Bólstaðir og búendur í Stokkseyrarhreppi.* Stokkseyringafélagið í Reykjavík, Reykjavík.

Guðni Jónsson. 1960. *Stokkseyringa saga.* Fyrri bindi. Stokkseyringafélagið í Reykjavík, Reykjavík.

Guðni Jónsson. 1961. *Stokkseyringa saga.* Síðara bindi. Stokkseyringafélagið í Reykjavík, Reykjavík.

Íslensk fornrit. I bindi. Íslendingabók og Landnáma. 1968. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi.* J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Kålund, Kristian P. E. 1984. *Íslenzkir sögustaðir. Sunnlendingafjórðungur.* Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf., [Reykjavík].

Lúðvík Kristjánsson. 1982. *Íslenzkir sjávarhættir II.* Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.

Manntal á Íslandi árið 1703. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Hagstofa Íslands, Reykjavík.

Manntal 1729 í þremur sýslum. 1924-1947. Tekið saman af Hans Oluf Hansen. Viðauki við Manntal á Íslandi 1703. Hagstofa Íslands, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt. 1978. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1945. Suðuramt. 1982. Bjarni Vilhjálmsson sá um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Sturlunga saga. 1. bindi. 1946. Sturlungaútgáfan, Reykjavík.

Sunnlenskar byggðir. Flóinn. II. bindi. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands. [án útgáfust.]

Túnakort [1917]. *Eystra Íragerði*. Stokkseyrarhreppur. Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

Þorvaldur Thoroddsen 1899,1905 *Landskjálftar á Íslandi*. Hið Íslenska Bókmenntafélag. Kaupmannahöfn.

Afsals og veðmálabók Árnessýslu[1910] Ljósrit. Héraðsskjalasafn Árnesinga.

Ný jarðabók fyrir Ísland. [Ártal vantar]. Samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Prentað í J. H. Schultz's prentsmiðju, Kaupmannahöfn.

Munnleg heimild

Margrét Guðmundsdóttir, -----júlí 2005.

Kort

Hásteinsvegur 20,22,24,26.[1992] Kort. Verkfræðistofan Hnit.H.F

Túnakort [1917]. *Eystra Íragerði*, Stokkseyrarhreppur. Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

- ¹ *Diplomatarium Islandicum*. II. 1893, bls. 75.
- ¹ Guðni Jónsson. 1952, bls. 126.
- ¹ Johnsen, J. 1847, bls. 60.
- ¹ Árne Magnússon og Páll Vídalín. 1921, bls. 59-68.
- ¹ Guðni Jónsson. 1952.bl.282
- ¹ Mannatal 1703.1924-1947. bls.514
- ¹ Árne Magnússon og Páll Vídalín. 1921,bls.65
- ¹ Mannatal 1801.1978.bl.216
- ¹ Mannatal 1816.1947-1974.bl.303
- ¹ Björn Lárusson. 1967, bls. 103.
- ¹ Árne Magnússon og Páll Vídalín. 1921, bls. 59.
- ¹ Johnsen, J. 1847, bls. 60.
- ¹ Árne Magnússon og Páll Vídalín. 1921, bls. 60.
- ¹ Útektarbók Stokkseyrarhrepps 1878-1908.bl. 165-167.
- ¹ Túnakort[1917].
- ¹ Afsals og veðmálabók Árnessyslu [óútgef] bls,162
- ¹ Fasteignabók 1932. bls ,11.